

Fundur svæðisráðs þriðjudaginn 5. apríl 2016, haldinn í síma, kl. 17.00

Mætt: Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Hákon Gunnarsson og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð. Forföll boðaði Erla Ívarsdóttir.

Heiða Guðný, sem situr sinn fyrsta fund að loknu leyfi, þakkar Ástu Berghildi fyrir styrka stjórn í sinni fjarveru.

Samkvæmt fundarboði voru tvö atriði til umræðu á fundinum auk annarra mála.

1. Greining á staðarvali vegna gestastofu VJB á Klaustri

Skipulags- og byggingarnefnd Skaftárhrepps mun á fundi sínum á morgun taka fyrir innsendar athugasemdir vegna greiningar á staðarvali gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri. Greiningin var unnin af ARKÍS arkitektum fyrir Framkvæmdasýslu ríkisins og voru niðurstöður kynntar á íbúafundi þann 15. mars sl.

Svæðisráð vestursvæðis ítrekar ánægju sína með yfirlýstan vilja hins opinbera að á Kirkjubæjarklaustri rísi gestastofa Vatnajökulspjóðgarðs innan þriggja ára og fagnar allri vinnu í þá átt. Svæðisráðið vill árétta að það styður áfram hugmyndir þess efnis að á Kirkjubæjarklaustri rísi þekkingarsetur þó ljóst sé að það muni ekki gerast fyrir það fjármagn sem ætlað er í byggingu gestastofu. Að mati svæðisráðsins þarf bygging gestastofu og þekkingarseturs að styðja atvinnulíf og samfélag í Skaftárhreppi. Í þessu samhengi telur svæðisráðið mikilvægt að um staðsetningu gestastofu og eftir atvikum þekkingarseturs fari fram opin og upplýst umræða í Skaftárhreppi. Svæðisráðið vill í því samhengi koma á framfæri þeirri hugmynd til skipulags- og byggingarnefndar Skaftárhrepps að hún beiti sér fyrir því að efnt verði til íbúafundar um þetta málefni, hvar íbúum Skaftárhrepps gefist tækifæri - undir handleiðslu hlutlausra fagaðila - að skiptast á skoðunum um þessi mál.

2. Komandi sumar, landvarsla og mönnun

Orri Páll segir undirbúning sumarsins kominn á fullt. Stefnt sé að opnun Skaftárstofu um miðjan mánuðinn. Allar fjórar starfsstöðvarnar á vestursvæði verða á háannatíma mannaðar tveimur landvörðum eins og undanfarin ár. Mikil endurnýjun er í starfsmannahópnum og einungis tveir af sumarstarfsmönnum hafa unnið á vestursvæði áður. Í fjölmiðlum hefur komið fram að til standi að bæta aðeins í landvörslu vegna sumarsins. Orri Páll

segir að ef komi til þess þá verði vilji svæðisráðsins virtur um forgangsröðun
opnunar Skaftárstofu frá október og til áramóta. Það ráðist af fjármagni og
samningum um samstarf hvort hægt verði bæta í mönnun vegna aukinnar
upplýsingagjafar í Hrauneyjum. Hvorutveggja skýrist væntanlega á næstu
vikum.

3. Önnur mál

Hákon spyr um heimild Útivistar til ráðstafana vegna aðstæðna við skálann við
Sveinstind í kjölfar Skaftárhlaups í haust. Fyrir liggur áhugi félagsins að taka þar
til hendinni, e.t.v. með vélum. Þjóðgarðsvörður og fulltrúar Útivistar munu
funda á næstunni vegna mögulegra aðgerða á komandi sumri.

Fundi slitið kl. 18.10